

Nr. 112 / 15 Margrét Guðbrandsdóttir**Sprenging um borð**

Skipaskr.nr. 7551
Smíðaður: Halmatic/Avon
Stærð: 0,0 2,1 bt.
Mesta lengd: 7,17 m Skráð lengd: 5,91 m
Breidd: 1,94 m Dýpt: 0,81 m
Vél: Yamaha, 112 kw, árg.2004
Fjöldi skipverja: 2



Margrét Guðbrandsdóttir © Kolbrún Ingvarsdóttir

Gögn:
Gögn RNSA
Lögregluskýsla

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. júní 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 14. október 2015 var verið að færa björgunarskipið Margréti Guðbrandsdóttur milli bryggja í Akraneshöfn eftir að hafa verið tekið úr húsi og sjósett.

Skyndilega varð mikill hvellur um borð í bátnum og blossi kom upp úr gólfi hans bakborðsmegin að aftan. Í ljós kom að hluti gólfsins hafði sprungið upp og mikill hiti myndast frá sprengingunni.

Talsverðar skemmdir urðu á bátnum.

Við rannsókn kom fram:

- að bensín blandaður sjór var í hólfum milli styrktarbanda bæði bb megin þar sem þilfarið sprakk upp og einnig í hólfum miðskips fyrir aftan bensíntanka;
- að eldsneytislagnir ofan á bensíntönkum voru festar með hosuklemmum en þær voru illa hertar og á einum stað var gúmmíslangan laus á tengi sem lak þegar tankurinn var yfirfylltur;
- að aðvörunarspjald var við báðar áfyllingar á bensíntanka um að yfirfylla þá ekki (sjá mynd 1);



Mynd 1 Aðvörunarspjald

- að það vantaði mælistikur (dipstick) í bæði (bensín) lokin (sjá mynd 2) til að mæla magnið á tönkunum til að koma í veg fyrir yfirfyllingu;
- að verklagið var að fylla alltaf bensíntankana eftir hverja notkun þannig að báturinn væri alltaf tilbúinn í útkall;
- að eftir að þilfarið var tekið af bátnum kom í ljós að jarðtengi kapall var í sundur við bb bensíntank og brunninn í endann, einnig var vírahönk frá dýptarmæli ótengd við botnstykki sem var bb megin í bátnum og lá þar í reiðileysi (sjá mynd 3);



Mynd 2 Áfyllingastútur



Mynd 3 Lagnir í reiðileysi

- að bensíntankar voru þrýstiprófaðir og reyndust báðir vera þéttir.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er sú að bensíntankar hafa verið yfirfylltir, bensín lekið niður í kjöl bátsins og neisti frá rafmagnskapli orsakað sprenginguna.